KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS
STOFNAÐ 1907

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 16. nóvember 2026

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um Drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt, mál S-225/2026

Kvenréttindafélag Íslands hefur kynnt sér ofangreind reglugerðardrög og telur þau vanhugsuð. Félagið hefur kynnt sér umsagnir BSRB[1], Öryrkjabandalags Íslands[2], Háskóla Íslands[3] og Rannís[4] við þetta mál og tekur undir þær.

Jafnframt vill félagið benda á að það kemur hvergi fram í texta reglugerðarinnar að hún hafi verið skoðuð út frá jafnréttissjónarmiðum, en samkvæmt 30. grein laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr 150/2020) skal gæta samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana. Í 1. grein kemur einnig fram að vinna skuli að samþættingu þessara sjónarmiða í ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Það gefur auga leið að áhrifin reglugeðrinnar munu hafa neikvæð áhrif á konur af erlendum uppruna. Í rannsókn Vörðu, Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins frá í fyrra kemur fram að 45% innflytjendakvenna hafa tekjur undir 499 þúsund á mánuði miðað við 28% annarra kvenna og 30% heimila Innflytjendakvenna hafa tekjur undir sama viðmiði en 11% annarra kvenna. Þá búa 43% innflytjendakvenna á almennum leigumarkaði en aðeins 10% annarra kvenna og 6,5% í húsnæði á vegum atvinnurekenda en aðeins 0,4% annarra kvenna eru í þeirri stöðu[5]. Fjárhagsleg staða innflytjendakvenna er því mun veikari en annarra kvenna og ekki er

[1] https://samradapi.island.is/api/Documents/e222c313-cfe1-f111-9be1-005056bcce7e
[2] https://samradapi.island.is/api/Documents/bdfa8d81-cae1-f111-9be1-005056bcce7e

[3] https://samradapi.island.is/api/Documents/cebb85af-c5e1-f111-9be1-005056bcce7e

[4] https://samradapi.island.is/api/Documents/8b23c949-6edf-f111-9be0-005056bcce7e

[5] https://sameyki.is/frettir-og-greinar/frett/land-taekifaeranna-stada-innflytjendakvenna-i-islensku-samfelagi
https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c3cc1cfecb34a9ca4a07fecce8c6d75.pdf

hægt að skilja reglugerðardrögin öðru vísi en svo að Dómsmálaráðuneytið vilji að konur af erlendum uppruna fari frá landinu.

Þá telur Kvenréttindafélagið að mat vanti á áhrif reglugerðarinnar á þau störf sem innflytjendakonur gegna í mun meira mæli en aðrar konur eins og ræstingar og mötuneyti og veitingahús en einnig þar sem þær eru stór hluti starfskraftanna eins og í heilbrigðisþjónustu og í skólakerfinu og tökum við undir umsögn Örnu Magnes Danks um málið. Við teljum að án slíks mats sé ekki forsvaranlegt að fara í svo umfangsmiklar breytingar á framfærsluviðmiðum fyrir dvalarleyfis- og ríkisborgararréttsumsóknir.

Þá vill félagið taka undir umsagnir Magneu Kristínar Marínósdóttur, Nicole Leigh Mosty[6], Örnu Magneu Danks, Grace Achieng Odhiambo[7] og Svanhildar Önju Ástþórsdóttur um sama mál sem fjalla um þau mannréttindabrot sem felast í reglugerðinni hvað varðar jafnræði, meðalhóf og þjóðréttarlegar skuldbindingar. Þá er sérstaklega átt við það mikla eftirlit sem verður með fjármálum umsækjenda, þá kröfu um að fólk sem hér vill setjast að verði að vera tekjuhátt, skerðingu á réttindum sem fólk hefur áunnið sér, auknar kröfur til barnafjölskyldna og síðast en ekki síst þá óhuggulegu tilfinningu sem langflestir umsagnaraðilar við drög þessi virðast fá: að hér eigi að mæta ákveðnum hópum innflytjenda af mikilli hörku.

Kvenréttindafélagið leggst gegn reglugerðardrögum þessum enda setja þau óraunhæfar kröfur á umsækjendur um dvalarleyfi og ríkisborgararétt varðandi tekjuöflun og eru í engu samræmi við framfærsluviðmið í samfélaginu eins og lágmarkslaun. Félagið hvetur ráðuneytið til að draga reglugerðardrögin til baka.

f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

[6] https://samradapi.island.is/api/Documents/2ff9f622-92df-f111-9be0-005056bcce7e
[7] https://samradapi.island.is/api/Documents/7205e144-15dd-f111-9be0-005056bcce7e